

Sp. 652. Tillaga til þingsályktunar [361. mál]
um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson,
Stefán Valgeirsson, Stefán Guðmundsson, Jón Kristjánsson,
Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarvæðis.

Greinargerð.


Tillaga sama efnis var flutt á 106. löggjafarþingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt. Póst- og símamálastofnun gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi. Góð símaþjónusta er einn af undirstöðuþáttum nútímasamfélags. Framþróun í póst- og símamálum hefur orðið ör á seinni árum þótt fæstum þyki nóg að gert. Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977 er ákvæði um að stefnt verði að því við

gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers og skal ákveðið í reglugerð hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á. Svo sem kunnugt er vantar mikið á að áður nefnt ákvæði laganna sé framkvæmt til fullnustu og ráða þar mestu tæknilegar hindranir, en einnig fjárhagslegar. Segja má að tillaga sú, sem hér er lögð fram, fari bil beggja með tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra forsendna annars vegar og bættrar þjónustu við símnotendur hins vegar.

Meðfylgjandi kort yfir sjálfvirkar símstöðvar sýnir að landinu er skipt í 20 greinistöðvar-svæði og svæðisstöðina í Vestmannaeyjum og í mörgum tilfellum fara svæði greinistöðvanna saman við athafna- og viðskiptasvæði. Sú upptalning, sem hér fer á eftir, sýnir aðeins hugmynd að gjaldskrársvæðum á grundvelli þessarar þingsályktunartillögu.

1. **Reykjavík** — Kópavogur — Hafnarfjörður — Varmá.
2. **Akranes** — Lambhagi.
3. **Borgarnes** — Hvanneyri — Kljáfoss — Hreðavatn — Gröf.
4. **Stykkishólmur** — Búðardalur — Grundarfjörður — Ólafsvík — Hellissandur — Máskelda — Reykhólar.
5. **Patreksfjörður** — Bíldudalur — Tálknafjörður — Krossholt.
6. **Ísafjörður** — Bolungarvík — Flateyri — Súðavík — Suðureyri — Þingeyri.
7. **Brú** — Hólmavík — Hvammstangi — Laugarbakki — Reykir — Ávík.
8. **Blönduós** — Bólstaðarhlíð — Skagaströnd.
9. **Sauðárkrókur** — Hofsós — Varmahlíð.
10. **Siglufjörður** — Grímsey — Fljót.
11. **Dalvík** — Árskógur — Hrísey — Ólafsfjörður.
12. **Akureyri** — Grenivík — Hrafnagil.
13. **Húsavík** — Breiðamýri — Kópasker — Raufarhöfn — Rein — Reykjahlíð — Staðarhóll — Þórshöfn.
14. **Egilsstaðir** — Borgarfjörður — Eiðar — Seyðisfjörður — Vopnafjörður.
15. **Reyðarfjörður** — Breiðdalsvík — Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður — Neskaupstaður — Stöðvarfjörður.
16. **Höfn** — Djúpvogur.
17. **Vík** — Kirkjubæjarklaustur.
18. **Hvolsvöllur** — Búrfell — Hella — Laugaland — Steinar — Þykkvibær.
19. **Selfoss** — Aratunga — Árnes — Brautarholt — Eyrarbakki — Flúðir — Hamar — Hveragerði — Laugarvatn — Minniborg — Þorlákshöfn.
20. **Keflavík** — Gerðar — Grindavík — Hafnir — Innri-Njarðvík — Sandgerði — Vogar.

Fylgiskjal.



POST-OG SIMAMALASTOFNUNIN
 Línufjöldi milli sjáhrfæra sinnstöðva B-5991